

*Aþingi*

*Erindi nr. Þ 121 / 1240*

*komudagur 1 / 14 1997* Bakkasókn 23-3 '97

Sóknarnefnd Bakkasóknar Möðruvallaprestakalls hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Nefndin gerir ekki efnislegar athugasemdir við einst. greinar frumvarpsins, en vill þó staldra við 54. grein frumvarpsins um hlutverk og starfshætti sóknarnefnda. Telur nefndin óeðlilegt að prestur skuli einn eiga að ráða því hvað fram fer í kirkjunni óháð umsögn sóknarnefndar. Telur nefndin að þetta stangist á við ákvæði um að sóknarnefnd skuli annars gæta réttinda kirkju. Álitur nefndin að þetta atriði geti skapað óánægju en hitt.

Bendir nefndin á að eðlilegast væri að orða þriðju setningu greinarinnar þannig að sóknarprestur skal í samráði við sóknarnefnd ráða því hvernig afnot af kirkju skuli háttáð, hinsvegar skuli sóknarprestur bera ábyrgð á athöfnum sem hann sjálfur annast.

Þá fjallaði nefndin einnig um frumvarp til laga um biskupskosningu. Nefndin gerir engar athugasemdir við frumvarpið og telur það vera réttindamál.

*Fisir hönd sóknarnefndar*

*Þurk. Jónsson*